



Ágæti lesandi!

Nýhafið er fjórða starfsár Menningarráðs Eyþings á grundvelli menningarsamnings Eyþings og ríkisins. Samningur þessi, sem var gerður með það að markmiði að efla menningarstarf á Norðausturlandi, rann út í lok nýliðins árs. Þrátt fyrir að nú í byrjun janúar liggi ekki fyrir, með formlegum hætti, nýr samningur hefur verið ákveðið að auglýsa eftir umsóknum á grundvelli þeirra fyrirheita er viðræður við stjórnvöld á undanföllum mánuðum hafa gefið.

Með sanni má segja að menningarsamningarnir séu dæmi um vel heppnaða stjórnvaldsáðgerð þar sem tekist hefur að draga úr miðstýringu, skapa ábyrgt svæðisbundið stjórnvald og efla um leið atvinnuuppbyggingu á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Samningurinn hefur undanfarin þrjú ár skilað ótví-
ræðum árangri á svæði Eyþings. Á samningstím-
anum hefur verið úthlutað af Menningarráði
Eyþings alls um 70 milljónum króna til 185 verkefna á
sviði menningar og lista, af öllum stærðum, vítt og
breitt um svæðið.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti sem og
iðnaðarráðuneyti er þakkað þeirra framlag til
samningsins og auk þess sveitarfélögunum á starfs-
svæði Eyþings. Einnig er sérstökum stuðningsaðila
samningsins, Rarik, þakkað sérstaklega.

Menningarráð Eyþings hvetur íbúa og stofnanir
svæðisins til að kynna sér vel úthlutunaráherslur
ársins 2010 m.a. vegna þess að þar kunna að felast
leiðir sem eru til þess fallnar að umbreyta lítt mót-
uðum hugmyndum í menningarviðburði okkur öllum
til handa.

Björn Ingimarsson
Formaður Menningarráðs Eyþings



Styrkþegar Menningarráðs Eyþings 2009

SÉRSTAÐA – SAMVINNA: ÁHERSLUR Í STARFI MENNINGARRÁÐS EYÞINGS ÁRIN 2009-2011

Menningarráð Eyþings vill stuðla að öflugum samstarfi sveitarfélaga á Norðausturlandi í menningarmálum og örva sköpun og almenna þátttöku íbúa í menningarstarfi. Einnig vill Menningarráðið efla vitund íbúa um Norðausturland sem sameiginlegt menningarsvæði.

Í úthlutunum árin 2009-2011 er lögð áhersla á verkefni sem vekja athygli á sérstöðu einstakra staða eða svæðisins í heild. Jafnframt vill ráðið styrkja verkefni sem hvetja til samvinnu og samstarfs milli staða, einstaklinga, stofnana eða listgreina. Þessi tvö leiðarljós, sérstaða og samstarf, verða notuð sem einskonar viðmið fyrir starf þessa tímabils en skilgreining þessara hugtaka skýrist nánar af þeim verkefnum sem hljóta styrki.

Sérstaða er það sem greinir okkur frá öðrum, það sem er sérstakt og eftirtektarvert í fari okkar, menningu eða umhverfi. Sérstakt er þannig hvaðeina sem er með öðru móti hér en annars staðar – hvort sem það er upprunnið á þessum slóðum, eða hefur flust hingað og varðveist hér með sérstöku móti.

Samstarf miðar að því að tengja saman staði, fólk og hugmyndir. Samstarfið getur þannig verið svæðisbundið eða þvert á staðsetningar, milli listgreina eða menningarheima, en einnig milli ólíkra aldurshópa og einstaklinga. Áhersla verður lögð á verkefni sem tengja Norðausturland þvert á hreppamörk og huglægar hindranir, og verkefni sem hvetja til samstarfs og samvinnu þeirra sem annars eru ekki vön að vinna saman.

Menningarráð Eyþings mun hvetja til þessa meðal annars með breyttum áherslum í úthlutun sem felst í því að skilgreina verkefni í þrem flokkum; stór samvinnuverkefni, minni samvinnuverkefni og svæðisbundin verkefni og verkefni einyrkja. Ráðið mun einnig hvetja til samstarfsverkefna með því að veita undirbúningsstyrki fyrir stærri samvinnuverkefni. Menningarfulltrúi mun aðstoða við að koma á samstarfi eða finna samstarfsaðila á svæðinu, ef óskað er.

Stór samstarfsverkefni

Menningarráðið leggur áherslu á stór samstarfsverkefni þar sem a.m.k. þrjú aðilar starfa saman og einkum á verkefni sem tengja saman Norðausturland og hvetja til samstarfs og samvinnu þeirra sem að jafnaði vinna ekki saman. Heimilt er að veita til slíkra verkefna allt að 2 milljónum króna, en styrkur getur þó aldrei orðið hærri en 80% af heildarkostnaði verkefnisins.



Styrkþegar Menningarráðs Eyþings aukaúthlutun 2009

Menningarráð mun einnig veita undirbúningsstyrki vegna stærri verkefna. Undirbúningsstyrkurinn er til að auðvelda aðilum af stærra svæði að ná saman, kanna forsendur og undirbúa verkefnaumsókn til ráðsins. Í umsókninni þurfa að koma fram skilgreind markmið verkefnisins sem sótt er um undirbúningsstyrk til, ávinningur af samstarfi og væntanleg niðurstaða verkefnisins. Umsókn þarf að fylgja staðfesting þátttakenda í verkefninu og hlutverk hvers þeirra. Hámarksundirbúningsstyrkur er 100.000.- á hvern þátttakanda, þó aldrei hærri en 50% af heildarkostnaði verkefnisins.

Minni samstarfsverkefni

Í minni samstarfsverkefnum getur samstarf verið svæðisbundið, milli staða, einstaklinga, stofnana eða listgreina. Minni samstarfsverkefni geta fengið að hámarki 1 milljón, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 50% af heildarkostnaði við verkefnið.

Minni svæðisbundin verkefni og verkefni einyrkja

Í þessum flokki eru hámarksstyrkir 300.000.- þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 50% af heildarkostnaði við verkefnið.

VERKEFNASTYRKIR TIL MENNINGARSTARFS

Menningarráð Eyþings auglýsir eftir umsóknum um styrki á grundvelli samnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis við Eyþing frá 27. apríl 2007. Tilgangur styrkjanna er að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á Norðausturlandi.

Menningarráðið leggur jafnan áherslu á að þau verkefni sem hljóta styrki efla á einhvern hátt samstarf og/eða samvinnu í menningarmálum á Norðausturlandi eða dragi fram menningarleg sérkenni svæðisins. Auk þessa hefur ráðið ákveðið að árið 2010 hafi þau verkefni forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinnna atriða:

- Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, byggðalaga eða listgreina. Sérstaklega er horft til verkefna sem eru samstarf þriggja eða fleiri aðila og tengja saman Norðausturland.
- Verkefni sem stuðla að samvinnu atvinnumanna í listum, listnema og leikmanna.
- Verkefni sem hvetja til samvinnu ólíkra þjóðarbrota í samstarfi við Íslendinga. Verkefni geta tengst tónlist, danslist, myndlist, bókmenntum og fl.
- Verkefni sem efla þekkingu og fræðslu á sviði menningar og lista.
- Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar og lista.

Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar. Úthlutun fer fram í mars. Styrkþegar verða að hafa skilað inn greinargerð vegna fyrri verkefna til þess að geta sótt um vegna ársins 2010. Ein úthlutun verður á árinu 2010.

Verkefnum sem hljóta styrki þarf að vera lokið fyrir árslok 2010.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Eyþings á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Eyþings www.eything.is eða hjá menningarfulltrúa Eyþings, Strandgötu 29, 3. hæð. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér úthlutunarreglur menningarráðs á heimasíðu Eyþings www.eything.is. Allar nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi í síma 464 9935 og 862 2277 eða á netfangið menning@eything.is

Menningarráð Eyþings auglýsir viðveru menningarfulltrúa í sveitarfélögum í Eyþing vegna úthlutunar á menningarstyrkjum 2010. Viðtalstímar menningarfulltrúa verða sem hér segir:

Akureyri	19. jan.	kl. 13-16	Skrifstofu menningarfulltrúa, Strandgötu 29, 3. hæð
Dalvík	20. jan.	kl. 10.30-12	Ráðhúsinu Dalvík
Ólafsfjörður	20. jan.	kl. 13-14	Bæjarskrifstofu Ólafsfjarðar
Siglufjörður	25. jan.	kl. 14-15.30	Bæjarskrifstofu Siglufjarðar
Laugum	27. jan.	kl. 10-11	Skrifstofu Þingeyjarsveitar
Mývatnssveit	27. jan.	kl. 13-14	Mývatnssstofu
Húsavík	28. jan.	kl. 10-12	Menningarmiðstöð Þingeyinga
Kópasker	3. feb.	kl. 11-12	Skrifstofu Norðurþings
Raufarhöfn	3. feb.	kl. 13-14	Skrifstofu Norðurþings
Langesbyggð	4. feb.	kl. 9-10	Skrifstofu Langesbyggðar Þórshöfn
Grímsey	auglýst síðar		
Akureyri	8.-10. feb.	kl. 13-16	Skrifstofu menningarfulltrúa, Strandgötu 29, 3. hæð

Viðtalstímar á öðrum tímum eftir samkomulagi.